

Nd.

465. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 15. des. s. l. og tekið fyrir á fundi hennar daginn eftir. Síðan er málið ekki tekið fyrir í nefndinni fyrr en 22. marz s. l. og aftur 27. marz á tveimur fundum þann dag.

Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni óskuðum eftir upplýsingum um, hvað liði fjármögnun stofnlánasjóða, og enn fremur, hvernig haga skyldi þeirri fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að lækka greiðslur rekstrarkostnaðar ráðuneyta, ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á þessu ári, sem ekki er bundið að lögum, um allt að 15% að jafnaði, ef ríkisstjórnin telur, að vinnuafli dragist um of frá framleiðslustörfum, eða ef ætla má, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Þessarar heimildar aflaði ríkisstjórnin sér við afgreiðslu fjárlaga 21. desember s. l. Formaður nefndarinnar tók þessari ósk vel og gerði itrekaðar tilraunir til þess að afla upplýsinga og fá embættismenn til þess að mæta á fundi nefndarinnar, en það tókst ekki. Þrátt fyrir þetta ákváðu fulltrúar stjórnarflokka-anna að knýja fram afgreiðslu málsins og láta undan kröfu ríkisstjórnarinnar um, að frv. verði afgreitt tafarlaust, þótt heildaryfirsýn um fjármögnun stofnlánasjóða vanti og allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda í fjárlögum yfirstandandi árs hangi í lausu lofti vegna þeirrar niðurskurðarheimildar, sem ríkisstjórnin aflaði sér og hyggst nota.

Á undanförunum árum hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun yfirstandandi árs. Sú venja hefur skapast, að frv.